
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 30. september 2015

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árslutareikning	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2015 er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 10.092 millj. kr. (9.829 millj. kr. 1.1 til 30.9.2014). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 1.038 millj. kr. (821 millj. kr. 1.1 til 30.9.2014). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.614 millj. kr. (15.536 millj. kr. 31.12.2014). Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2015 nam 9.041 millj. kr. (8.503 millj. kr. 31.12.2014). Eiginfjárlutfallið 30. september 2015 var 57,9% (54,7% 31.12.2014). Þar af nam hlutfé 3.312 millj. kr. (3.362 millj. kr. 31.12.2014).

Á aðalfundi Fjarskipta hf. þann 19. mars 2015 var samþykkt að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, allt að 10% af hlutfé félagsins.

Þann 6. júlí 2015 var tilkynnt um endurkaupaáætlun um kaup á eigin bréfum á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutfé félagsins.

Endurkaupin munu að hámarki nema 10.300.000 hlutum eða 3,06% af útgefnum hlutum í Fjarskiptum hf., en þó þannig að heildar kaupverð verði ekki meira en 400 millj. kr. Áætlunin er í gildi til 31. desember 2015 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrir þá dagsetningu.

Nýtt og endurbætt Vodafone Sjóvarp var kynnt til leiks í september 2015. Auk tækninýjunga bættist við efnisúrvalið, meðal annars efni frá sjónvarpsþjónustunni Cirkus. Á meðal nýjunga sem kynntar voru eru svokallaðir PLAY-áskriftarpakkar, í þremur mismunandi útfærslum.

Í markaðsstarfi félagsins hefur auk þess verið lögð áhersla á að styðja við stækkun 4G þjónustuvæðis félagsins, ekki síst á og við helstu fiskimið landsins.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2015 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2015.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. október 2015

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2015	2014	2015	2014
	3F	3F	9M	9M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.433	3.362	10.092	9.829
Rekstrarhagnaður	701	694	1.550	1.348
Hagnaður fyrir tekjuskatt	626	593	1.294	1.021
Hagnaður tímabilsins	502	476	1.038	821
Hagnaður á hlut	1,50	1,40	3,10	2,30
Fjárfestingar	318	415	981	1.275
Handbært fé frá rekstri	981	847	2.377	1.651
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	1.026	1.023	2.521	2.330
EBITDA hlutfall	29,9%	30,4%	25,0%	23,7%
Frjálst fjárflæði (FCF)	702	536	1.684	667
Nettó vaxtaberandi skuldir	3.615	4.976	3.615	4.976
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA *	1,1	1,6	1,1	1,6

* EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2015

	2015 3F	2014 3F	2015 9M	2014 9M
Seldar vörur og þjónusta	3.433	3.362	10.092	9.829
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.689)	(1.620) *	(5.235)	(5.133) *
Framlegð	1.744	1.742	4.857	4.696
Rekstrarkostnaður	(1.043)	(1.048) *	(3.307)	(3.348) *
Rekstrarhagnaður	701	694	1.550	1.348
Fjármunatekjur	8	11	23	33
Fjármagnsgjöld	(83)	(112)	(279)	(360)
Hrein fjármagnsgjöld	(75)	(101)	(256)	(327)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	626	593	1.294	1.021
Tekjuskattur	(124)	(117)	(256)	(200)
Hagnaður tímabilsins	502	476	1.038	821
Hagnaður á hlut	1,50	1,40	3,10	2,30
Þynntur hagnaður á hlut	1,50	1,40	3,10	2,30

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2015

	2015 3F	2014 3F	2015 9M	2014 9M
Hagnaður tímabilsins	502	476	1.038	821
Önnur heildarafkoma				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(26)	(6)	(70)	(28)
Heildarafkoma tímabilsins	476	470	968	793

* Framsetningu breytt, sjá skýringu 2b.

Efnahagsreikningur

30. september 2015

	30.9.2015	31.12.2014
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir	4.252	4.332
Óefnislegar eignir	7.181	7.150
Skatteign	252	479
Fastafjármunir samtals	11.685	11.961
Veltufjármunir		
Birgðir	291	329
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.835	2.718
Handbært fé	803	528
Veltufjármunir samtals	3.929	3.575
Eignir samtals	15.614	15.536
Eigið fé		
Hlutfé	3.312	3.362
Yfirverðsreikningur hlutfjár	2.812	2.973
Þýðingarmunur	157	227
Óráðstafað eigið fé	2.760	1.941
Eigið fé	9.041	8.503
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	4,5,6 4.122	4.638
Tekjuskattsskuldbinding	44	32
Langtímaskuldir samtals	4.166	4.670
Skammtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	4,6 296	461
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.949	1.804
Fyrirframinnheimtar tekjur	130	65
Tekjuskattur til greiðslu	32	33
Skammtímaskuldir samtals	2.407	2.363
Skuldir samtals	6.573	7.033
Eigið fé og skuldir samtals	15.614	15.536

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2015

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.9. 2014					
Eigið fé 1.1.2014	3.408	3.083	246	847	7.584
Keyptir eigin hlutir	(10)	(23)	-	-	(33)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(28)	821	793
Eigið fé 30.9.2014	3.398	3.060	218	1.668	8.344
1.1. til 30.9. 2015					
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	1.941	8.503
Keyptir eigin hlutir	(50)	(161)	-	-	(211)
Arðgreiðsla	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(70)	1.038	968
Eigið fé 30.9.2015	3.312	2.812	157	2.760	9.041

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2015

	2015 3F	2014 3F	2015 9M	2014 9M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	502	476	1.038	821
Aðlögun vegna				
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	245	271	729	793
Afskriftir óefnislegra eigna	80	58	242	189
Hrein fjármagnsgjöld	75	101	256	327
Söluhagnaður eigna	(1)	0	(7)	(3)
Tekjuskattur, breyting	124	117	256	200
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.025	1.023	2.514	2.327
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum				
Birgðir, breyting	21	(27)	38	(55)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(191)	53	(117)	(90)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	134	(62)	153	(207)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	27	(36)	65	(37)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.016	951	2.653	1.938
Innborgaðar vaxtatekjur	7	10	22	27
Greidd vaxtagjöld	(32)	(114)	(288)	(314)
Greiddur tekjuskattur	(10)	0	(10)	0
Handbært fé frá rekstri	981	847	2.377	1.651
Fjárfestingarhreyfingar				
Seldir rekstrarfjármunir	4	0	12	4
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(237)	(337)	(693)	(1.018)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(81)	(78)	(288)	(257)
Fjárfestingarhreyfingar	(314)	(415)	(969)	(1.271)
Fjármögnunarhreyfingar				
Keyptir eigin hlutir	(198)	(33)	(211)	(33)
Greiddur arður	0	0	(219)	0
Afborganir langtímalána	(74)	(115)	(5.181)	(438)
Skammtímalán, breyting	(100)	(89)	0	232
Tekið nýtt langtímalán	0	0	4.500	0
Fjármögnunarhreyfingar	(372)	(237)	(1.111)	(239)
Breyting á handbæru fé	295	195	297	141
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(9)	(2)	(22)	(6)
Handbært fé í byrjun tímabils	517	277	528	335
Handbært fé í lok tímabilsins	803	470	803	470

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutfélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2015 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2014. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 28. október 2015.

b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2014. Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun á launakostnaði í rekstrarreikningi. Breytingin hefur engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat stjórnenda við beitingu reikningsskilaaðferða og við mat á óvissu er það sama og við gerð samstæðuársreiknings 31. desember 2014.

Mat og forsendur þess er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Breyting er frá framsetningu í ársreikningi 2014, þar sem vörusala, sem var áður í öðrum tekjum er sérgreind og hluti af öðrum tekjum heimfærður á aðra starfsþætti.

Samstæðan skiptist í fimm starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinneignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (VOD).

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.9.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	3.622	2.564	1.086	1.295	1.082	443	-	10.092
Innri tekjur	1	3	32	-	3	37	(76)	0
Tekjur samtals	3.623	2.567	1.118	1.295	1.085	480	(76)	10.092
Óskipt rekstrargjöld								(7.571)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								2.521
Afskriftir								(971)
Hrein fjármagnsgjöld								(256)
Tekjuskattur								(256)
Hagnaður tímabilsins								1.038
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(70)
Heildarafkoma tímabilsins								968
Óskiptar eignir 30.9.2015								15.614
Óskiptar skuldir 30.9.2015								6.573
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 30.9.2015								981

Skýringar, frh.:

3. Starfspáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.9.2014								
Tekjur frá þriðja aðila	3.685	2.411	1.183	1.250	873	427	-	9.829
Innri tekjur	1	6	34	-	29	40	(110)	0
Tekjur samtals	3.686	2.417	1.217	1.250	902	467	(110)	9.829
Óskipt rekstrargjöld								(7.499)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								2.330
Afskriftir								(982)
Hrein fjármagnsgjöld								(327)
Tekjuskattur								(200)
Hagnaður tímabilsins								821
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(28)
Heildarafkoma tímabilsins								793
Óskiptar eignir 31.12.2014								15.536
Óskiptar skuldir 31.12.2014								7.033
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2014 til 30.9.2014								1.275

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 30.9.2015	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	8.787	1.305	10.092
EBITDA á tímabilinu	2.260	261	2.521
Eignir starfspáttá í lok tímabilsins	14.449	1.165	15.614
Fjárfestingar tímabilsins	894	87	981
1.1. til 30.9.2014			
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	8.446	1.383	9.829
EBITDA á tímabilinu	2.010	320	2.330
Eignir starfspáttá 31.12.2014	14.198	1.338	15.536
Fjárfestingar tímabilsins	1.175	100	1.275

Skýringar, frh.:

4. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	30.9.2015	31.12.2014
Skuldir við lánastofnanir	4.418	5.099
Næsta árs afborganir	(296)	(461)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	4.122	4.638
Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:	30.9.2015	31.12.2014
Næsta árs afborganir langtímaskulda	296	461
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	296	461
Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	4.418	5.099

5. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig :	30.9.2015		31.12.2014	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	7,10%	4.418	6,9%	5.099
		4.418		5.099

6. Afborganir af langtímalánum

a. Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	30.9.2015	31.12.2014
Til greiðslu innan árs	296	461
Til greiðslu eftir ár en innan tveggja ára	296	461
Til greiðslu eftir tvö ár en innan þriggja ára	300	462
Til greiðslu eftir þrjú ár en innan fjögurra ára	300	464
Til greiðslu eftir fjögur ár en innan fimm ára	300	464
Afborganir síðar	2.926	2.787
Samtals	4.418	5.099

Í júní gekk félagið frá endurfjármögnun á lánum sínum. Samið var við Landsbankann hf. um langtímalán til 7 ára að fjárhæð 4.500 millj. kr. og rekstrarlánalínu til 5 ára að fjárhæð 500 millj. kr.

b. Gangvirði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

Skýringar, frh.:

7. Önnur mál

Nánari er fjallað um neðangreind mál í skýringum 35 og 36 með ársreikningi 2014. Hér er aðeins fjallað um þær breytingar sem átt hafa sér stað á árinu 2015.

Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Á tímabilinu stefndu Fjarskipti hf. Póst- og fjarskiptastofnun („PFS“) og gerðu þá dómkröfu að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 3/2014 frá 11. október 2014. Úrskurðurinn sem stefnandi leitar ógildingar á felur í sér að sms-þjónusta á „Mínum síðum“ á vodafone.is falli undir gildissvið fjarskiptalaga og þar með lögsögu PFS.

Verði fallist á dómskröfu Fjarskipta hf. í málinu kann það að hafa áhrif á niðurstöður dómsmála sem einstaklingar hafa höfðað á hendur félaginu vegna innbrots í tölvukerfi þess. Allt að einu er óvissa um áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding hefur verið færð.

Stefna vegna innbrots í tölvukerfi

Á tímabilinu voru þingfestar sex stefnur á hendur félaginu þar sem gerðar eru kröfur um bætur vegna tjóns sem einstaklingar telja sig hafa orðið fyrir vegna innbrotsþjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjófsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnufjárhæð er 113 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar.

Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að Fjarskipti hf. sé bótaskyld vegna innbrotsins, er það mat félagsins að fjárhæðir í þeim málum sem um teflir hafi óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding verið færð.

Síminn hf. krefur Fjarskipti hf. um skaðabætur

Fjarskiptum hf. barst á tímabilinu krafa frá Símanum hf. um skaðabætur vegna meintrar ólögðrar notkunar á vörumerkinu Tímaflakk. Krafan er að fjárhæð 400 millj. kr. Fjarskipti hf. telja ekki grundvöll fyrir kröfunni. Ágreiningur er um skráningu Símans hf. á vörumerkinu sem ekki hefur verið til lykta leiddur og hefur Fjarskipti hf. áfrýjað til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Auk þess telur Fjarskipti hf. fjárhæð bótakröfunnar í engu samræmi við málsatvik og dómafordæmi.

Fjarskipti hf. gegn Tali (nú 365 miðlum ehf.)

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 17. desember 2014 var frávisunarkrafa Tals tekin til greina m.a. á þeirri forsendu að hluti ágreiningsins heyri undir gerðardóm en ekki almenna dómstóla. Þann 31. mars 2015 birti félagið stefnu á hendur 365 miðlum ehf. er lýtur að þeim hluta málsins sem heyrir undir almenna dómstóla. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 9. apríl 2015. Stefnufjárhæð er um 44 millj.kr., auk vaxta og málskostnaðar. Þann 4. september 2015 var lögð fram beiðni og greinargerð í sókn til Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands vegna þeirra krafna sem eftir standa af framangreindum viðskiptum, sem nema um 67 millj. kr. auk vaxta.

Rétt er að taka fram að óvissa ríkir áfram um efnislega niðurstöðu dómsmálsins, sem og gerðardómsmeðferðarinnar. Verði 365 miðlar ehf. að endingu dæmdir til greiðslu á framangreindri kröfu Fjarskipta hf. mun það hafa óveruleg áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta hf.

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í ríkisstyrkjamáli

Þann 30. júní síðastliðin, birtist fréttatilkynning á vef Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), þar sem stofnunin kynnti niðurstöðu sína í ríkisstyrkjamáli þar sem Fjarskipti hf. hafði verið málshefjandi. Áður hefur verið greint frá umræddri kvörtun í skráningarlýsingu Fjarskipta hf. í aðdraganda þess að hlutabréf félagsins voru tekin til skráningar í Kauphöll. Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn samræmist EES reglum á sviði ríkisaðstoðar. Hefur þessi niðurstaða ekki fjárhagsleg áhrif fyrir Fjarskipti hf. og engin áhrif á rekstur né efnahag, samanber einnig hliðstætt mat í fyrrgreindri skráningarlýsingu á líklegum áhrifum ef þetta yrði niðurstaðan.

Farsímadreifikerfi Fjarskipta hf. og Nova ehf. rekin sameiginlega

Eins og fram kom í fréttatilkynningu Fjarskipta hf. þann 30. júní 2015 veitti Samkeppniseftirlitið samþykki sitt fyrir rekstri samrekstrarfélags Fjarskipta hf. og Nova ehf. ("félögin"), að vissum skilyrðum uppfylltum. Félögin vinna enn að útfærslu samstarfsins á grundvelli fyrirsmála í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2015

Síminn hf. áfrýjaði í júní 2015 ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015 en með ákvörðuninni hafði Samkeppniseftirlitið heimilað Nova ehf. og Fjarskiptum hf. að eiga í sameiningu félag sem myndi annast rekstur á tilteknum dreifikerfum fyrir farsímaþjónustu. Í málinu krafðist Síminn hf. þess að sett yrðu frekari skilyrði fyrir samstarfinu en gert var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 14. september 2015 var öllum kröfum Símans hf. hafnað og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins staðfest.

Skýringar, frh.:

Krafa Fjarskipta hf. um bráðabirgðaákvörðun gegn Símanum hf. – Gagnkrafa Símans hf. um bráðabirgðaákvörðun gegn Fjarskiptum hf.

Með bréfi, dags. 6. október 2015, fór Fjarskipti hf. fram á bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlits vegna aðgerðar Símans hf. á sjónvarpsmarkaði, sem Fjarskipti hf. telja fela í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þess var krafist að tiltekna markaðsaðgerðir yrðu bannaðar, sem og tilkynningar Símans hf. um vanefnd að viðlagðri riftun, og uppsögn á þjónustusamningi um dreifingu dagskrárefnis. Þá var krafist hæstu lögleyfðra stjórnvaldssekta á Símann hf. að lokinni efnismeðferð málsins. Fór Fjarskipti hf. þess á leit að Símanum hf. verði gert skylt að gera Fjarskiptum hf. kleift að bjóða viðskiptavinum sínum Tímavél og Frelsi í tengslum við dreifingu á Skjá Einum. Með bréfi, dags. 7. október 2015, tók Samkeppniseftirlitið málið til rannsóknar.

Með bréfi, dags. 13. október 2015, upplýsti Samkeppniseftirlitið að Síminn hf. hefði sent inn gagnkvörtun og krafist bráðabirgðaákvörðunar gegn Fjarskiptum hf. vegna meintrar misnotkunar Fjarskipta hf. á markaðsráðandi stöðu. Þá krefst Síminn hf. þess að lagðar verði hæstu lögleyfðu stjórnvaldssektir á Fjarskipti hf. Samkeppniseftirlitið hefur ekki tekið ákvörðun um hvort málið verði tekið til formlegrar rannsóknar.

Með tölvupósti, dags. 15. október 2015, upplýsti Póst- og fjarskiptastofnun um annað erindi frá Símanum hf., en Síminn hf. mun hafa gert kröfu um bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar vegna sömu atvika og í málum þeim sem gerð er grein fyrir að ofan. Efnislega er þess farið á leit að PFS banni Fjarskiptum hf. að nýta þjónustuna Tímavél og Frelsi í tengslum við dreifingu á Skjá Einum.

Mál sem varða meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu eru í eðli sínu þannig að við slíkri háttsemi liggja rík viðurlög í formi stjórnvaldssekta sem numið geta allt að 10% af veltu. Samkeppniseftirlitið hefur á þessu stigi einungis tekið til rannsóknar meint brot Símans hf. Er m.a. af þessari ástæðu veruleg óvissa um hvort kvörtun Símans hf. gegn Fjarskiptum hf. muni hafa nokkur áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta hf. og engin skuldbinding verði færð.